

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXI. árgangur.

1940.

Föstudaginn 12. janúar 1940.

Nr. 112/1939. Valdstjórnin (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Axel Ármanni Þorsteinssyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Þrátt fyrir neitun kærða verður að telja sannað, að hann hafi selt Birgi Runólfssyni eina flösku af whisky aðfaranótt 15. febrúar 1939. Hefur kærði með því gerzt sekur við 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, og ber því að staðfesta hann að niðurstöðu til, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 9. okt. 1939.

Ár 1939, mánudaginn 9. október, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1968/1939: Valdstjórnin gegn Axel Ármanni Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 5. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Axel Ármanni Þorsteinssyni, atvinnulausum verkamanni, til heimilis á Skólavörðustíg 46 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- | | | |
|------|-----------------|--|
| 1924 | $\frac{8}{12}$ | Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til dómara. |
| 1925 | $\frac{6}{2}$ | Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1930 | $\frac{7}{7}$ | Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | $2\frac{3}{4}$ | Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 kr. sekt fyrir bruggun og sölu áfengis. |
| 1935 | $\frac{3}{6}$ | Sætt: 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu. |
| 1935 | $1\frac{6}{11}$ | Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 kr. sekt og 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu. |
| 1935 | $\frac{6}{12}$ | Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1936 | $\frac{3}{6}$ | Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Ekki talin ástæða til opinberra aðgerða. |
| 1936 | $1\frac{2}{10}$ | Sætt: 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu. |
| 1937 | $\frac{2}{5}$ | Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar. |
| 1937 | $1\frac{1}{6}$ | Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 króna |

- sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $1\frac{1}{11}$ 1937.
- 1938 $\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2200 króna sekt fyrir áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $2\frac{3}{4}$ 1938.
- 1938 $2\frac{3}{4}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.
- 1938 $2\frac{3}{4}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.
- 1938 $3\frac{3}{7}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 króna sekt fyrir brot gegn 16. gr. 1. mgr. sbr. 36. gr. áfengislaganna nr. 33/1935.
- 1939 $1\frac{1}{2}$ Undir rannsókn fyrir meinta áfengissölu. Föll niður vegna sannanaskorts.
- 1939 $\frac{9}{5}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður:

Undanfarið hefir lögreglan haft grun um, að kærði fengist við áfengissölu. Hafa í rannsókn málsins komið fram fjögur vitni, sem hafa borið, að þau hafi keypt áfengi af kærða heima hjá honum, en sameiginlegt er það öllum þessum tilfellum, að enginn þriðji maður er til frásagnar. Skal nú vikið að hverju vitni fyrir sig.

Vitnið Birgir Runólfsson skýrir svo frá, að aðfaranótt miðvikudagsins 15. febrúar s. l. hafi hann hitt mann við Hótel Heklu hér í bæ. Þeir höfðu báðir bragðað áfengi og munu hafa viljað fá sér meira, en báðir voru peningalausir. Hinn maðurinn bauðst þá til að setja vetrarfrakka sinn að veði fyrir áfengi, ef vitnið gæti útvegað það. Vitnið náði í Ingvar Vilberg Brynjólfsson, bifreiðarstjóra, og bað hann að aka með sig til einhvers áfengissala. Bifreiðarstjórinn ók að húsi kærða og benti vitninu á að reyna að fá áfengi þar. Vitnið fór inn með frakkann, hitti kærða og fékk hjá honum eina flösku af whisky, sem kostaði kr. 21.00, setti frakkann að veði fyrir andvirðinu, og átti hann að leysast út daginn eftir. Þegar þetta gerðist, var vitnið litilsháttar undir áhrifum áfengis. Það, sem nú hefir sagt verið um bifreiðarstjóran, hefir hann staðfest. Hann hefir og borið, að hann hafi heyrt, að kærði seldi áfengi, og stundum hafi hann ekið mönnum í námunda við hús þetta og hefir grunað, að þeir keyptu þar áfengi. Bifreiðarstjórinn sá, að vitnið fór inn í vetrarfrakkanum, en kom út frakkalaust. Þegar vitnið kom út frá

kærða, var lögreglan þar fyrir og gekk úr skugga um, að hann var með whiskyflösku á sér, og sagði hann lögreglunni þá þegar, að hann hefði keypt flöskuna fyrir kr. 21,00 og sett frakkann að veði.

Vitnið Þorvaldur Þorkelsson, prentari, hefir borið, að hann hafi 4—5 sinnum á þessu ári keypt brennivín af kærða heima hjá honum og þar af hafi hann keypt tvo whisky-pela, nærri fulla af brennivíni, af honum síðari hluta sunnudagsins 27. ágúst s. l. fyrir alls krónur 11.00. Kveðst vitnið aldrei hafa verið allsgáð, þegar kaupin fóru fram, og er fremur óákveðið í framburði sínum.

Vitnið Óskar Nikulásson Erlendsson, klæðskerameistari, hefir borið, að hann hafi stöku sinnum keypt áfengi af kærðum, þó ekki nýlega, nema í eitt skipti um mánaðamótin júlí og ágúst s. l. Þá keypti hann af kærða í eldhúsinu heima hjá honum einn whisky-pela með brennivíni fyrir kr. 5,50. Annan brennivinspela kveðst vitnið hafa keypt af kærða um síðustu jól.

Vitnið Jóhann Garðar Björnsson, vélsmiður, kveðst um kí. 5—6 laugardaginn 9. f. m. hafa farið heim til kærða og keypt af honum whiskypela, axlafullan af brennivíni, fyrir kr. 5,50.

Framantalin vitni, sem kveðast hafa keypt áfengi af kærða, hafa öll staðfest framburði sína með eiði.

Kærði hefir neitað að hafa selt vitnum þessum áfengi, síðan hann var síðast dæmdur fyrir áfengissölu, og hefir hann undir öllum rekstri málsins neitað sekt sinni.

Fólksflutningsbifreiðarstjórnarnir Þorleifur Gíslason og Sofus Ingvar Bender hafa borið, að þeir hafi hvor í sínu lagi undanfarinn vetur og sumar keypt mikið áfengi fyrir kærða í áfengisverzluninni og flutt heim til hans. Hafi hvor þeirra keypt sem næst vikulega fyrir hann 10—15 flöskur. Að þessu hafa báðir bifreiðarstjórnarnir unnið eið. Kærði hefir neitað, að þessir framburðir væru réttir, en segir, að bifreiðarstjórnarnir hafi stöku sinnum keypt fyrir sig eina eða tvær flöskur.

Þá hefir kærða verið boðið að gera grein fyrir, af hverju hann hafi lifað undanfarið. Það hefir kærða ekki tekizt. Verður ekki hirt um hér að gera grein fyrir skýrslu hans um þetta atriði, en hún er mestmegnis vífilengjur einar.

Drátt fyrir neitun kærða um áfengissölu, þykir, eins og

málsatvikum nú hefir verið lýst, og með tilliti til fortiðar kærða nægilega sannað, að hann hafi, frá því hann síðast var dæmdur fyrir áfengissölu, gerzt sekur um sölu áfengis, og ber að heimfæra brot hans undir 15. sbr. 33. gr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 75 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og greiði 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 75 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. janúar 1940.

Nr. 90/1939. Réttvísing og valdstjórnin

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Steingrími Magnúsi Guðmundssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Líkamsárás.

Dómur hæstaréttar.

Í framhaldsprófum í máli þessu hefir það verið upplýst, að Gunnar Sigursveinn Arnbjarnarson hafi komið nokkuð oft í íbúð Þorsteins Þorsteinssonar á Njálsgötu 15 A og neytt þar vins, einkum að kvöldi til, og má telja það komið í ljós, að það hafi haft í för með sér nokkur óþægindi fyrir húsráðendur, for-